



Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi
AkureyrarAkademían

Ársskýrsla
fyrir starfsárið 2006-2007

Á árinu 2006 hófst starfsemi Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi, en félagið heitir nú í daglegu tali AkureyrarAkademían. Hér á eftir fer skýrsla félagsins fyrir starfsárið 2006-2007 og skiptist hún í eftirfarandi liði:

- **Forsaga og tilurð AkureyrarAkademiunnar – stofnun félagsins**
- **Fræðafólk í gamla Húsmæðraskólann – húsnæðismál**
- **Starfsemi félagsins**
- **Fjáröflun**

Forsaga og tilurð AkureyrarAkademiunnar – stofnun félagsins

Hugmynd að samfélagi og starfsstað fyrir sjálfstætt starfandi fræðafólk hafði verið í gerjun á Norðurlandi um nokkurra ára skeið. Í umræðunni var að stofna akademíu á Akureyri að fyrirmynd ReykjavíkurAkademiunnar. Fundað var með nokkurra mánaða millibili á árunum 2004-2006 og málin rædd. Ágúst Þór Árnason, aðjúnkt við Háskólann á Akureyri, og Þórgnýr Dýrfjörð, þá menningamálafulltrúi Akureyrarbæjar, voru helstu driffjaðrir að þeim fundum, en þau Sverrir Páll Erlendsson, Kristín Þóra Kjartansdóttir, Sigurbjörg Árnadóttir, Arna Valsdóttir, Kristján Jósteynsson og mörg fleiri voru virk í umræðunni um akademíu á Akureyri.

Haustið 2005 ((Var það ekki talsvert fyrir? 2005???)) var af hálfu Vaxtarsamnings Eyjafjarðar kallað til fundar með einyrkjum á svæðinu og varð sá fundur enn frekari hvati að stofnun AkureyrarAkademiunnar. Stuttu síðar var Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur fenginn norður á fund, sem haldinn var í Deigluinni 15. mars, til þess að segja frá tilurð og starfsemi ReykjavíkurAkademiunnar, en hann er einn af frumkvöðlum að stofnum RA. Á þeim fundi voru Valgerður H. Bjarnadóttir fræðakona og ráðgjafi, Páll Björnsson, lektor við Háskólann á Akureyri, og Ágúst Þór Árnason kosin í undirbúningsnefnd að stofnun AkureyrarAkademiunnar. Undirbúningsnefndin hélt nokkra fundi og boðaði síðan til stofnfundar sumardaginn fyrsta, þann 20. apríl, og framhaldsstofnfundar þann 30. maí 2006, þar sem formlega var gengið frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Stofnfélagar voru 28 en félagar eru í lok fyrsta starfsárs 37 talsins.

Á framhaldsstofnfundinum í lok maí var kosið í fyrstu stjórn félagsins. Jón Hjaltason kjörinn formaður til eins árs, Valgerður H. Bjarnadóttir meðstjórnandi til tveggja ára og Kristín Þóra Kjartansdóttir sagn- og félagsfræðingur meðstjórnandi til eins árs. Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur og Páll Björnsson voru kjörin varamenn til eins árs. Meðstjórnendur skiptu þannig með sér verkum að Valgerður tók við starfi gjaldkera og Kristín starfi ritara. Stjórnin fundaði 17 sinnum á starfsárinu.

Fljótlega eftir stofnfundinn var ákveðið með kosningu félaga í tölvupósti að nota heitið AkureyrarAkademían sem daglegt heiti félagsins og er það notað í þessari skýrslu.

Fræðafólk í gamla Húsmæðraskólann – húsnæðismál

Eftir að gengið hafði verið frá fomallegri stofnun félagsins var hafist handa við að finna félaginu fast húsnæði og koma starfinu í gang. Samningar tókust við forsvarsmenn Háskólans á Akureyri í júní um afnot félagsins af gamla Húsmæðraskólanum við Þórunnarstræti 99 á Akureyri. Um er að ræða stærri hluta fyrstu hæðar hússins eða tvo sali, eina skrifstofu/herbergi, eldhús, salemi og baðherbergi/geymslu, ásamt veglegu anddyri.

Fjórir fræðimenn komu sér fyrir í nýfengnu húsnæðinu strax í júlí, en það voru þau Kristín Þóra Kjartansdóttir sagn- og félagsfræðingur, Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur, Sverrir Páll Erlendson íslenskufraedingur og Valgerður H. Bjarnadóttir trúarheimspekingur og félagsráðgjafi. Í október bættist Björn Bjarnason rekstrarhagfræðingur í hópinn. Í mars 2007 kom Andrea Hjalmsdóttir, nemi í nútímafræði og félagsvísindum, sér einnig fyrir í húsinu. Fleiri hafa sótt um aðstöðu fyrir sumarið og næsta vetur.

Myndað var húsfélag um leigjendahópinn og Valgerður kosin hússtýra, en hún er tengiliður leigjenda við stjórnina og við HA hvað varðar húsnæðið. Fornleifavernd ríkisins tengdist einnig þessu húsfélagi, en starfsmaður þeirrar stofnunar fékk afnot af einum salnum á efri hæð hússins í ágúst og deilir sameiginlegri aðstöðu með Akademiúfélögum.

AkureyrarAkademían fékk ýmis konar húsgögn, muni og skrifstofubúnað að gjöf frá ýmsum aðilum á árinu, þ.á m. Lögmansstofu Hreins Pálssonar, Verkalýðsfélaginu Einingu-löju, Endurskoðunarskrifstofu Guðmundar, Akureyrarbæ, Þórami Hjartarsyni, Margréti Guðmundsdóttur, Valgerði H. Bjarnadóttur og Guðmundi Ingólfssyni. Stjórn félagsins vill þakka öllum þessum aðilum fyrir stuðninginn.

Starfsemi félagsins

Á almennum félagsfundi þann 28. september var safnað saman hugmyndum að starfseminni og vann stjómin frekar úr þeim. Ákveðið var að félagið byrjaði sem fyrst með fyrirlestrarhald og var fyrsti fyrirlesturinn haldinn í húsnæði AkureyrarAkademíunnar í byrjun október.

Fyrirlestrar og fundir

Viðar Hreinsson, bókmenntafræðingur og framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar, hélt erindi þann 10. október sem bar yfirskriftina „Fræðimennska í sauðalitunum“. Um leið var gengið frá ófomallegum samstarfssamningi AkureyrarAkademíunnar við ReykjavíkurAkademiuna.

Friðrik Rafnsson, þýðandi og bókmenntafræðingur???, fjallaði um franska landkönnuðinn og lækninn Charcot og skip hans Pourquoi pas? á fundi þann 11. nóvember.

Atli Harðarson, heimspekingur og aðstoðarskólameistari í Fjölbrotaskóla Akraness, kom svo 20. nóvember og hélt erindið "Hjónabönd samkynhneigðra". Fundurinn var haldinn í samvinnu við Félag áhugafólks um heimspeki.

Sunnudaginn 28. janúar hélt Sumarliði Ísleifsson, sagnfræðingur í ReykjavíkurAkademíu, fyrirlestur um matargerð Íslendinga fyrir á öldum út frá sjónarhorni erlendra manna sem dvöldust hér á landi. Að loknum umræðum um erindið töfraði Friðrik V, matreiðslumeistari á Akureyri, fram rétti í stíl við erindi Sumarliða.

14. febrúar var haldinn bókafundur í samvinnu við Sagnfræðingafélag Akureyrar, þar sem fjallað var um þrjár nýútkomnar bækur. Erindi fluttu sagnfræðingarnir Björn Teitsson, Páll Björnsson og Róbert Sigurðsson.

Allir ofantaldir viðburðir voru opnir öllum. Jólafélagsfundur var haldinn einvörðungu fyrir félagsmenn í byrjun desember og var Valgerður H. Bjarnadóttir þá með fyrirlestur um „Uppruna jólanna“. Góð aðsókn var á alla þessa fundi og er greinilegt að áhugi er vaxandi fyrir slíkum viðburðum og uppkomum. Það sést líka á því að líflegar umræður spunnust um efni fyrirlestranna.

Málþing: Arfur Bríetar 150 árum síðar

AkureyrarAkademían stóð 10. febrúar fyrir málþingi í samstarfi við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, Kvennasögusafn Íslands, Jafnréttisstofu og Kvenréttindafélag Íslands í tilefni þess að ein og hálf öld er liðin frá fæðingu Bríetar Bjarnhéðinsdóttur og slétt öld frá stofnun Kvenréttindafélags Íslands. Meginhluti málþingsins var fyrst haldið í Reykjavík á afmælisdegi Bríetar, 27. september 2006.

Í AkureyrarAkademíunni flutti Sigrún B. Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri, opunarávarp. Þorbjörg Inga Jónsdóttir, formaður Kvenréttindafélags Íslands, fjallaði um Bríeti og kvennabaráttuna. Hrafnhildur Karlsdóttir sagnfræðingur hélt erindi sem hún kallaði einfaldlega Bríet. Auður Styrkárdsdóttir, forstöðumaður Kvennasögusafns Íslands, flutti erindi um Bríeti og alþjóðabaráttuna fyrir kosningarétti kvenna og Kristín Ástgeirsdóttir, forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum, talaði um velferð og femínisma innan íslenskrar kvennahreyfingar. Kristjana Amgrímsdóttir söngkona og Þórarinn Hjartarson, sagnfræðingur og tónlistarmaður, fluttu nokkur lög og Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur las úr bréfum Bríetar á milli atriða. Valgerður H. Bjarnadóttir stýrði málþinginu. Fullt var út úr dyrum, umræður fjörugar og gestir þáðu veitingar í boði bæjarstjórnar.

Samstarf við aðra og kynningarmál

Á árinu var komið á og lagður grunnur að samstarfi við fjölmörg félög og stofnanir eins og ReykjavíkurAkademíuna, Félag áhugafólks um heimspeki, Sögufélag Eyfirðinga, Háskólann á

Akureyri og Sagnfræðingafélag Akureyrar, auk ofangreindra stofana sem að Brietar-málþinginu komu.

Erindi og viðburðir á umræddu ári voru auglýstir í fjölmiðlum á svæðinu, auk þess sem fjölmiðlanir fluttu fréttir af væntanlegum viðburðum. Óhætt er að segja að unnið hafi verið markvisst að kynningu á Akademíunni. Í því sambandi ræddi stjórnin einnig um mikilvægi þess að koma upp heimasíðu til þess að kynna starfsemi.

Forsenda allrar kynningarstarfsemi er að koma sér upp merki (lógó) og því fékk stjórnin Margréti Lindquist, nema í grafískri hönnun við Myndlistaskólann á Akureyri, til að hanna merki fyrir AkureyrarAkademíuna. Ljóst er að vel hefur tekist til en merkið kallast skemmtilega á við merki ReykjavíkurAkademíunnar.

Ráðstefnur næstu ára

Stjórnin reifaði auk þess fjölmörg mál á fundum sínum sem ekki koma til framkvæmda fyrr en síðar. T.a.m. var ákveðið að halda þverfaglegar ráðstefnur í október 2007 og 2008. Sú fyrri bæri yfirskriftina „Sauðfé og seiður“ en sú síðari „Kartafla í 200 ár“, en árið 2008 er alþjóðlegt ár kartöflunnar. Skipaðir voru starfshópar til undirbúnings þessum viðburðum, svokallað „sauðfjárteymi“ og „kartöfluteymi“.

Fjáröflun

Ráðist var í það með haustinu að afla fjár til starfseminnar og létu viðbrögðin ekki á sér standa. Sótt var um í Menningar- og viðurkenningarsjóð KEA, til Akureyrarbæjar og Fjárveitinganefndar Alþingis. Kr. 150.000 fengust frá KEA um haustið. Á fyrstu dögum ársins 2007 fengu félagsmenn síðar þær fréttir að Menntamálaráðuneytið hafi úthlutað félaginu kr. 1.500.000 til starfseminnar. Í febrúar úthlutaði Akureyrarstofa síðan kr. 150.000 í styrk til AkureyrarAkademíunnar. Á þessu fyrsta starfsári stóðu tekjur, sem fengust fyrir afnot félagsmanna af vinnuaðstöðu, undir daglegum rekstri húsnæðisins. Með tilkomu fjármagnsins frá KEA, Menntamálaráðuneytinu og Akureyrarbæ er ljóst að mögulegt verður að renna styrkari stoðum undir starfið, standa fyrir viðameiri starfsemi. Um fjárhag félagsins, sjá nánar í ársreikningi AkureyrarAkademíu – Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi.

Kristín Þóra Kjartansdóttir, ritari, í mars 2007